Alþingi
Erindi nr. Þ 140/362
komudagur 21.11.2011

Alþingi Nefndarsvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. nóvember 2011
Tilvísun: 201111-0013

Efni: Umsögn frumvarp til laga um fjársýsluskatt, 193 mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um fjársýsluskatt.

Alþýðusambandið gerir alvarlega athugasemd við þau ákvæði frumvarpsins sem snúa að því að leggja sérstakan fjársýsluskatt á lífeyrissjóði.

Þau rök sem færð eru fyrir skattlagningunni eiga ekki við um lífeyrissjóðina.

- Í athugasemdum við frumvarpið er tekið fram að: *„...fjármálafyrirtæki beri hlutfallslega minni skatta en aðrar atvinnugreinar, m.a. vegna undanþágu þeirra frá álagningu virðisaukaskatts. Sú staðreynd kalli að einhverju leyti á endurskoðun á álagningu skatta á greinina í því skyni að jafna þennan mun og skapa meira skattalegt jafnræði milli atvinnugreina."* Lífeyrissjóðir hafa lögbundin skilgreind hlutverk og sinna ekki neinum þeim verkefnum sem almennt bera virðisaukaskatt. Framangreind rök eiga því ekki við um lífeyrissjóðina.
- Þá segir í athugasemdum við frumvarpið: *„Ljást er að þessi umræða er einnig að hluta til sprottin af fjármálahruninu haustið 2008 og þeirri miklu fjárhagsaðstoð sem fjármálafyrirtæki víða um heim hafa notið af hendi hins opinbera í kjölfar hrunsins."* Þessi rök eiga ekki við um lífeyrissjóði á almennum vinnumarkaði þar sem ljóst er að þeir töpuðu umtalsverðum fjármunum á hruninu og neyddust í kjölfarið margir hverjir til þess að skerða áunnin lífeyrisréttindi sjóðsfélaga. Lífeyrissjóðir með launagreiðandaábyrgð hjá hinu opinbera töpuðu einnig miklum fjármunum á hruninu og munu opinberir aðilar mæta þeim áföllum að fullu með því að bæta þeim hverja þá krónu sem tapaðist í hruninu. Sú skattlagning sem hér er lögð til mun ekki bæta ríkissjóði þá fjármuni sem ríkið mun leggja inn í LSR vegna bankahrunsins því að sjóðurinn er rekinn með miklum tryggingafræðilegum halla og mun ríkið því þurfa að leggja sjóðnum til hverja þá krónu sem LSR greiðir í umræddan skatt.

Þá bendir ASÍ á að fyrirhuguð skattlagning á lífeyrissjóðina gengur þvert á þau markmið sem stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins settu sér við gerð síðustu kjarasamninga að jafna lífeyrisréttindi landsmanna eða eins og segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí sl.: *„Jöfnun áunninna lífeyrisréttinda milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins er viðamikið og brýnt verkefni, samanber það sem að ofan greinir um samræmt og sjálfbært lífeyriskerfi fyrir vinnumarkaðinn í heild. Gripið hefur verið til almennra skerðinga á lífeyrisgreiðslum í lífeyrissjóðum á samningssviði ASÍ vegna áfalla sem þeir hafa orðið fyrir í tengslum við hrun fjármálakerfisins. Ástæða er til að bregðast sérstaklega við þeim vanda sem hér um ræðir."*

Eins og áður hefur verið rakið þá mun skattlagning á lífeyrissjóðina einungis auka á vanda lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði sem mæta þurfa skattlagningunni með því að skerða enn frekar áunnin réttindi sjóðsfélaga. Skatturinn mun engin áhrif hafa á lífeyrissjóði opinberra starfsmanna. Skattlagningin mun því auka enn frekar á þann mun sem er á lífeyriskerfum landsmanna.

Í ljósi þess sem að framan er rakið krefst ASÍ þess að failið verði frá því að skattleggja lífeyrissjóðina. Auðvelt er að gera slíka breytingu á frumvarpinu með því að fella brott 3. tölulið 2. gr. frumvarpsins. Verði það ekki gert mælir ASÍ gegn samþykkt frumvarpsins.

F.h. Alþýðusambands Íslands

Ólafur Darri Andrason

Ólafur Darri Andrason
Hagfræðingur ASÍ